

ÞJÓNUSTA

FRÆÐSLA

FRÉTTIR

STUÐNINGSFÉLÖG

SVÆÐAFÉLÖG

UM FÉLAGIÐ

HAFA SAMBAND

Stjórn Kristínarsjóðs, minningarsjóðs í vörslu Krabbameinsfélagsins, gaf Barnaspítala Hringins veglega jólagjöf, sex flatskjái, DVD spilara og Playstation 3 leikjatölvur, í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá fæðingu Kristínar Björnsdóttur, fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna. Sjá nánar bls 4.



Jakob Jóhannsson og Sigrún Þóroddsdóttir ásamt skjólstæðingum Barnaspítala Hringins.

Qi -Gong



Ástundun Qi gong hófst í Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins í janúar. Qi gong á sér langa sögu sem meðferðarform til eflingar heilbrigðis. Grundvöllur Qi gong er hugmyndin um orku (qi) og orkuflæði. Megináhersla Qi gong er á innri orku mannsins og flæði hennar.

Öguð ástundun Qi gong eflir orkuna og stýrir flæði hennar um líkamann og skapar jafnvægi. Komið hafa fram í rannsóknum áhugaverðar vísbendingar um jákvæð áhrif Qi gong ástundunar á líðan krabbameinssjúklinga s.s. líkamsstyrk, kvíða, þunglyndi, þreytu, ógleði streitu o.fl. Qi gong ástundun er mánudaga og miðvikudaga kl. 11.30-11.50.

Vísdomsperlan - alþjóðlegt átak



Í Evrópu allri fá um 60,000 konur leghálskrabbamein árlega og 30,000 deyja úr því en meira en 225,000 konur eru á lífi með sjúkdóminn. Þetta er mikil sjúkdómsbyrði og háar dánartölur þegar titið er til þess að hægt væri að koma í veg fyrir langflest tilfelli af leghálskrabbameini með leit og bólusetningu.

Krabbameinsfélagið hefur barist ötullega gegn leghálskrabbameini og er sá árangur sem náðst hefur hér á landi með því besta sem gerist. Allar konur ættu að hafa aðgang að skipulegri krabbameinsleit og allar stúlkur ættu að hafa aðgang að skipulegri bólusetningu gegn HPV. <http://www.ecca.info/is>

Molar úr starfi félagsins...

Mikið starf er unnið í grasrót félagsins. Alls eru aðildarfélag Krabbameinsfélagsins um 30 talsins. Svæðafélögin ná hringinn í kringum landið og stuðningshóparnir halda úti öflugri jafningjafræðslu.



Dregið í jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins

Dregið hefur verið í jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins. Chevrolet Cruze bifreið, að verðmæti 3.590.000 krónur, kom á miða númer 39959. Greiðsla upp í bifreið eða íbúð, að verðmæti 1 milljón króna, kom á miða númer 122706. Auk þess voru 20 vinningar að verðmæti 200 þúsund krónur, úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, og 141 vinningur að verðmæti 100 þúsund krónur, úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun.

Hægt er að nálgast vinningaskrá hér



Porrablót Styrks

Fimmtánda porrablót Styrks verður haldið laugardaginn 23. janúar 2010 í Víkingasal Hótel Loftleiða. Húsið verður opnað kl. 18:30 og borðhald hefst kl. 19:15. Fjölbreytt skemmtiatriði. Veislustjóri: Snorri Magnússon.

Miðaverð aðeins kr. 3.900 kr.

Nauðsynlegt er að panta miða í síma 896 5808 (Steinunn) eða 862 8487 (Hólmfríður) í síðasta lagi 20. janúar.



Matreiðslunámskeiðið vinsæla stefnir norður og austur

Matreiðslunámskeiðið Bragð í baráttunni hefur verið mjög vinsælt. Það verður haldið á Akureyri og á Austurlandi í febrúar. Þetta er námskeið þar sem fræðsla og matreiðsla fer saman. Markmiðið er að þátttakendur læri og fræðist um mat sem vinnur gegn krabbameini. Stuðst er við uppskriftir úr bókinni Bragð í baráttunni.

Kennari er Unnur Guðrún Pálsdóttir, Lukka. Námskeiðið er samstarfsverkefni Krafts og Ráðgjafarþjónustunnar, Krabbameinsfélags Akureyrar og Austfjarða.

Skráning: kraftur@kraftur.org.



Norðan heiða - Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis

Starfsemi Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis er með hefðbundnu sniði. Skrifstofa félagsins er opin 3 daga í viku, mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 14 til 17 og það er alltaf þó nokkur hópur fólks sem lítur við og fær sér kaffibolla og spjall í leiðinni. Stefnt er því að vera með námskeið í tengslum við útgáfu bókarinnar "Bragð í baráttunni" nú í endaðan febrúar eða byrjun mars og strax eftir páska verðum við námskeið fyrir krabbameinssjúka og aðstandendur þeirra sem stendur í 4-6 vikur. Hægt er að senda okkur tölvu-póst á netfangið kaon@simnet.is.

Kæru lesendur,

Ég óska ykkur gleðilegs árs með þökk fyrir verðmætan stuðning á árinu sem var að líða. Það er Krabbameinsfélaginu mjög mikilvægt að finna það traust sem þið berið til okkar og þeirrar fjölbreyttu starfsemi sem við sinnum á vettvangi krabbameina. Okkar bíða margar áskoranir á nýju ári. Nú í janúar tókum við þátt í evrópsku átaksverkefni undir merkjum Vísdomsperlunnar. Það miðar að því að allar konur eigi aðgang að skipulegri krabbameinsleit og að allar stúlkur eigi kost á skipulegri bólusetningu gegn þeim veirum sem eru aðaláhrifavaldar þessa krabbameins. Samtökin ECCA sem Krabbameinsfélagið á aðild að hafa beitt sér fyrir baráttu gegn leghálskrabbameini en það veldur bæði sjúkdómi og dauða fjölda kvenna í Evrópu og er annað algengasta krabbamein kvenna á heimsvísu. Ítarlegar upplýsingar um sjúkdóminn er að finna á íslensku á <http://www.ecca.info/is>.

Við stöndum betur að vígi varðandi leghálskrabbamein en nær allar Evrópuþjóðir en samt er ástæða til þess að hvetja allar konur, en einkum þær ungu, til að mæta betur í krabbameinsleit og nýta þá mikilvægu heilsuvernd sem hún býður. Vísdomsperlan er til stuðnings áttakinu. Hún er nett og falleg, bæði gyllt og silfrud og verður til sölu í Lyf og heilsu, Apótekaranum, Lyfju og Apótekinu. –

Ráðgjafarþjónustan býður upp á Qi gong þjálfun um þessar mundir sem greinilega vekur áhuga og var bæði kynning og fyrsta námskeið fjölsótt. Einnig hafa verið matreiðslunámskeið þar með



Mynd - Gollí

hliðsjón af mjög vinsælli matreiðslubók sem er nýutkomin, Bragð í baráttunni. Er ástæða til að beina athygli að þessu tvennu í fjölbreyttri dagskrá Ráðgjafarþjónustunnar. <http://www.krabb.is/radgjafarthjonustan/dagskra>

Undirbúningur er á fullu undir átakið Karlmann og krabbamein í mars og verður nánar sagt frá því í næsta fréttabréfi.

Það er von okkar að reglulegar fréttir af starfi Krabbameinsfélagsins vekji áhuga ykkar og vissu um að stuðningi ykkar sé vel varið.

Merkilegt líf Kristínar Björnsdóttur - Gjóf sem nýttist mörgum



Minningargjöfin var veitt dagdeild Barnaspítala Hringins en þar koma meðal annars krabbameinsveik börn til lyfjagjafar. „Þessi gjöf á eftir að nýtast öllum þeim börnum sem þurfa að sækja þjónustu til dagdeildarinnar sem og systkinum, aðstandendum og vinum sem í heimsókn koma,“ segir Sigrún Þóroddsdóttir, hjúkrunarfræðingur á Barnaspítala Hringins. „Við munum setja upp sjónvarp í hverri stofu sem telur tvö rúm eða fleiri og ég er viss um að þetta muni létta lund og stytta bið þeirra barna sem þurfa að leita til okkar.“ Kristín Björnsdóttir arfleiddi Krabbameinsfélag Íslands að helmingi eigna sinna þegar hún lést árið 1994 og var í framhaldinu stofnaður Sjóður Kristínar Björnsdóttur, fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna.

„Líf Kristínar var afar merkilegt og viljum við minnst hennar með því að veita sérstaklega vel úr sjóðnum í ár í tilefni þess að 100 ár eru frá fæðingu hennar,“ segir Jakob. Árið 1937 fluttist Kristín til útlanda og dvaldist m.a. í Frakklandi og á Ítalíu. „Þar kynntist hún ýmsum frammámönnum og var um tíma málakennari dóttur Mussolini. Á stríðsárunum kynntist Kristín mörgum háttsettum Þjóðverjum sem vildu fá hana til að njósna fyrir nasista. Þegar hún neitaði var hún send í fangabúðir þar sem hún dvaldi við illan aðbúnað í þrjú ár með öðrum pólitískum föngum. Eftir að bandamenn frelsuðu Evrópu starfaði hún sem túlkur fyrir Rauða krossinn og flutti síðan til Bandaríkjanna. Þar gekk hún í skóla stórfyrirtækisins IBM og vann síðan fyrir Sameinuðu þjóðirnar í 23 ár. Það kom í hennar hlut að draga íslenska fánann að hún í fyrsta skipti þegar Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum. Við starfslok árið 1969 flutti Kristín aftur til Íslands. Hún lést úr krabbameini árið 1994.“